

## LISTIR

# Hvenær er list list?

Tvær sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag. Inga María Leifsdóttir ræddi við David G. Torres og Erlu Þórarinsdóttur.

YFIRSKRIFT sýningarinnar frá Barcelona er Litið lengra – Horft í gegn, en listamennirnir sjó sem eiga þar verk eru allir samtímalistamenn, þó að á ólíkum aldri séu. Að sögn sýningarstjórans David G. Torres, átti hann ekki í vandræðum með að velja hvaða sjó listamenn frá Barcelona hann fengi til að taka þátt í sýningunni. „Pau sem ég valdi voru eðlilegt val, að minnsta kosti fyrir mig og mína sýningarstjórn,“ segir hann. Þeir sjó listamenn sem hann hefur valið eru Antonio Ortega, Martí Anson, Tere Recarens, Mabel Palacin, Ignasi Aballí, Daniel Chust Peters og Carles Congost. Torres segir þau eiga margt sameiginlegt í listsköpun sinni, fyrst og fremst vegna sameiginlegs bakgrunns sem listamenn frá Barcelona. „Sterkasta aflið í listsköpun þar í borg er konseptlist, og þannig hefur það verið lengi. Borgin á sér auðvitað langa sögu í nútímalist, eins og flestir þekkjá, til dæmis með surrealsmanum og Dalí, Picasso og fólkinu í kring um hann og dadastefnunni, en það má segja að Barcelona hafi verið ein af fjórum höfuðborgum hennar, og svo konseptlistinni, síðast en ekki síst. Þessi saga hefur haft mikil áhrif á listsköpun listamanna borgarinnar og þess ber enn merki,“ segir hann.

Torres segir að sýninguna á Kjarvalsstöðum megi kalla konseptssýningu á vissan hátt. Miðlarnir sem slíkir eru listamennirnir vinna á skipti litlu máli, aðalmálið sé hugmyndir þeirra um samskipt listar og umhverfis, hvaða hugmyndir þau setji fram fremur en hvernig. Hann tekur sem dæmi eitt verkanna á sýningunni, þar sem myndlistarmaðurinn Antonio Ortega setur fram þrjár myndir, sem ekki eru eftir hann sjálfan. „Þetta eru ljósmyndir, sem myndlistarmaður varð svo hrifinn af útkomunni, að hann bað bróður sinn að hengja þær upp í stúdíói sínu. Þangað kom svo Ortega, sá þær og keypti þær af myndlistarmanninum á uppsprengdu verði. Nú er hann að hengja þessar myndir upp sem verk eftir sig á Kjarvalsstöðum á Íslandi. Þetta verk veltir upp afar áhugaverðum spurningum um hvenær list verði list, hvort þessar myndir sem ekki voru í raun list, verði núna list, og hvort að það sé vegna þess að þær hanga í sýningarsal, eða vegna þess að það er þekktur listamaður sem setur þær fram.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Ég lít á silfrið sem líf, það sem umbreyttist og ég fæ ekki ráðið við,“ segir Erla Þórarinsdóttir um verkin á sýningu sinni, *Corpus lucis sensitivus*.



„Konseptið er sterkasta aflið á sýningunni,“ segir David G. Torres.

Þetta er spurning um framsetningu, frekar en listsköpun.“

Torres tekur einnig sem dæmi verk sem nefnist Mistök, þar sem nokkrar myndir hafa verið algjörlega þakrar með Tipp-ex, og myndband, þar sem myndlistarmaðurinn sést „þrifa himininn“ – sem ekki er hægt að útskýra betur á prenti. „Konseptið er tvímælalaust sterkasta aflið hér á sýningunni, og það lýsir list frá Barcelona mjög vel, að mínum dómi. Að auki er hér góður skammtur af fánleika, existensialisma og ekki síst, hómur,“ segir Torres að lokum.

## Silfrið er sálarlýsingarefni

„Corpus lucis sensitivus er sá ljósnæmi líkami sem hefur orðið til úr litardufti, línólíu, silfri og tíma. Hann á uppruna sinn að rekja til ófniskennendra þátta; sameiginlegar undirvitundar og nálgunar við það sem gerist innra með okkur. Hann tilheyrir einnig tilveru málverkisins, er abstrakt og konkret og gerir ekki tilkall til þjóðernis. Ég hef leyft honum að koma í ljós með viðveru, treyst á tilveru hans, ýmist þjappað og þétt eða fylgt honum eftir. Líkaminn er viðkvæmur, hann umbreyttist í ljósi í tíma og ótíma. Við áhorf bregst hann við...“

Þannig byrjar Erla Þórarinsdóttir að lýsa olíumálverkunum átta sem sett hafa verið upp í miðryminu á Kjarvalsstöðum, en sýningin ber einmitt yfirskriftina *Corpus lucis sensitivus*. Í málverkum sínum notast Erla við oxunareiginleika blaðsilfur. „Það má kalla silfrið einskonar „sálarlýsingarefni“, eins og Laxness hefur orðað það. Ég lít á það sem líf, einhverja viðkvæmni, það sem umbreyttist og ég fæ ekki ráðið við,“ segir hún.

„Það sem hefur gerst í þessum myndum, er að olíuliturinn hefur haft áhrif á silfrið – það er misjafnt hvernig það oxast eftir því hvaða lit ég set hjá því og hvað ég set undir það. Þar sést greinilega hvaða áhrif mismunandi litur hefur á ferlin.“

Aðspurð hvort hægt sé að sjá málverkin breytast á meðan sýningin stendur yfir, segir Erla ekki viss. Breytingar á þeim eigi sér stað mjög hægt. „Þetta eru hæg ferli og allt í einu sér maður að myndin hefur breyst. Það er svipað því að taka skyndilega eftir því að einhver hafi elst. Það verða því engar dramatískar breytingar á verkunum frá degi til dags. Á mennskum tíma gerast því breytingarnar í málverkunum hægt. En ef við lítum á jarðartíma, þá er það auðvitað ekki hægt.“

Málverkin á sýningunni eru einskonar framhald af gegnumgangandi viðfangsefni Erlu í listsköpun sinni mjög illa, hins vegar er ekki hægt að blanda það olíu því það gengur ekki á pappírinn. En þótt það felist mikið sullubull í því að vinna með litina, þar sem ég þarf að vinna þetta mest með puttunum, þá er það ofsalega skemmtilegt, ekki hvað síst sökum þess hver sterkir litirnir eru og vandasamt er að hafa stjórna á þeim.“

Aðspurð segir Mireya yfirskrift sýningarinnar, Hugarástand eða Manastíhi á indversku, vísa til þess að við verðum öll stöðugt fyrir áhrifum af hugarástandi fólksins í kringum okkur, hvort sem við viljum það eða ekki. „Líkt og við höfum öll áhrif hvert á annað þá er t.d. ekki hægt að horfa á myndirnar í ramma og sjá bara eina mynd, þú sérð hina líka alltaf í gegn. Í innsendingunni má sjá hið endalæusa mannhaf og minna litirnir okkur á að allar manneskjur hafa ákveðinn lit sem umlykur þær, sem er áran, og sá litur hefur áhrif á lit annarra manneskna í samskiptum fólks.“ Aðspurð segir Mireya hafa byrjað að vinna að hugmyndinni um samruna fyrir fimm árum. „Hérna á sýningunni má þannig sjá myndir þar sem ég er að vinna með tengsl macrocosmo og microcosmo, þ.e. alheimsins og heimsins í hnotskurn, því manneskjan er í raun aðeins smækkuð mynd af alheiminum,“ segir Mireya og bendir á hvernig hún í myndum sínum reyni að samþætta þessa tvo heima.

ingamaria@mbl.is

# Hugarástand sem áhrifavaldur

MYNDLISTARKONAN Mireya Samper opnar í dag sýninguna Manastíhi – Hugarástand í Ingólfsnausti í Aðalstræti 2. Sýningin samanstendur af verkum þar sem tvær myndir eru rammaðar inn saman þannig að það verður ákveðinn samruni og þær virka fyrir vikið ýmist tví- eða þrívíðar. Auk þess má sjá innsendingu sem er efnisleg framlenging myndanna, en innsendingin er samsett af litlum plasthylkjum fullum af lituðu vatni í öllum regnbogans litum sem hanga í stórum glugga er snýr út að Vesturgötu vegfarendum til ánægju og yndisauka.

Aðspurð segist Mireya hafa unnið myndirnar á sýningunni á Indlandi í fyrria fyrir einkasýningu sem hún hélt í Bombay, en Mireya hefur á síðustu fimm árum farið fjórum sinnum til Indlands enda segist hún hafa fallið kylliflöt fyrir landinu þegar hún kom þangað fyrst. Í myndunum er Mireya að vinna með indverska líti og pappír og í innsendingunni með sömu líti í fljóttandi formi. „Á ferðalögum mínum erlendis, hvort sem það er í Japan, Chile eða Indlandi, reyni ég alltaf að finna fyrir áhrifum frá landinu bæði andlega og efnislega. Ég vil þannig vinna með það sem landið er að gefa mér og sýna. Litirnir sem ég nota í verkunum hér eru litir sem Indverjar nota í trúarathöfnum sínum, en mér vitandi er engin hefð fyrir því að nota þá líti í myndlist og það fannst mér mjög spennandi.“

Að sögn Mireyu er hins vegar þýsna snúð að vinna með litina. „Þetta er púður sem samlagast vatni mjög illa, hins vegar er ekki hægt að blanda það olíu því það gengur ekki á pappírinn. En þótt það felist mikið sullubull í því að vinna með litina, þar sem ég þarf að vinna þetta mest með puttunum, þá er það ofsalega skemmtilegt, ekki hvað síst sökum þess hver sterkir litirnir eru og vandasamt er að hafa stjórna á þeim.“

Aðspurð segir Mireya yfirskrift sýningarinnar, Hugarástand eða Manastíhi á indversku, vísa til þess að við verðum öll stöðugt fyrir áhrifum af hugarástandi fólksins í kringum okkur, hvort sem við viljum það eða ekki. „Líkt og við höfum öll áhrif hvert á annað þá er t.d. ekki hægt að horfa á myndirnar í ramma og sjá bara eina mynd, þú sérð hina líka alltaf í gegn. Í innsendingunni má sjá hið endalæusa mannhaf og minna litirnir okkur á að allar manneskjur hafa ákveðinn lit sem umlykur þær, sem er áran, og sá litur hefur áhrif á lit annarra manneskna í samskiptum fólks.“ Aðspurð segir Mireya hafa byrjað að vinna að hugmyndinni um samruna fyrir fimm árum. „Hérna á sýningunni má þannig sjá myndir þar sem ég er að vinna með tengsl macrocosmo og microcosmo, þ.e. alheimsins og heimsins í hnotskurn, því manneskjan er í raun aðeins smækkuð mynd af alheiminum,“ segir Mireya og bendir á hvernig hún í myndum sínum reyni að samþætta þessa tvo heima.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Langar að færa myndlistina nær almenningi,“ segir Mireya Samper.

Spurð hvernig Ingólfsnaust hafi orðið fyrir valinu sem sýningarstaður segist Mireya strax hafa heillast af rýminu. „Ég sá strax að myndirnar myndu njóta sín vel í þessu bjarta og opna rými. Í framhaldinu leitaði ég til Borgarstofu og fór fram á að fá að sýna hérna, en mér vitandi hefur það aldrei verið gert áður og verður kannski aldrei aftur. Það gladdi mig því mjög mikið hve vel var brugðist við þessari undarlegu beiðni minni,“ segir Mireya og brosir.

## Myndlistin er fyrir fólkið

En Mireya er ekki óvön því að sýna myndlist sína utan gallería á fremur óvenjulegum stöðum og hefur hún t.d. sýnt úti undir berum himni annars vegar í hóteldgarði á eyjunni Nida í Litháen og hins vegar í japönskum skógi. Fyrir fjórum árum sýndi hún síðan í yfirgefnu fangelsi í Valparaiso í Chile. „Þetta fangelsi var eitt hryllilegasta fangelsi í Suður-Ameríku og því ákveðin þýversög fölgín í því að það væri í Valparaiso sem þýðir paradísardalurinn, enda notaði ég það sem konsept í sýningunni.“

Aðspurð segist Mireya hafa mjög gaman af því að sýna myndlist sína utan gallería og sýningarstaða. „Það hljómar kannski klisjulega, en mig langar að færa myndlistina nær almenningi enda er listin fyrir fólkið, en ekki bara fyrir myndlistarmenn. Það er nefnilega fullt af fólki sem fer aldrer í gallerí bara af því það þorir það ekki eða kann ekki við það, þótt það hafi áhuga á myndlist. Þannig að þegar maður sýnir í gallerí þá er maður ávallt að sýna fyrir ákveðinn hóp, en með því að sýna hérna nær maður til nýrra áhorfenda sem reka kannski bara óvart augun í verkin.“

Sýning Mireyu verður opnuð kl. 15 í dag og stendur til 18. apríl nk. Áhugasömum er bent á vef listakonunnar á slóðinni: [www.mireya.is](http://www.mireya.is).

silja@mbl.is

## Í DAG

### Selið, Skólavörðustíg 16 kl. 16

Vera Sörensen opnar sýningu á olíumálverkum máluð 2003 og 2004. Verkin eru öll til sölu. Vera malar eingöngu með olíulitum. Hún hefur sérhæft sig í landslagsmálun, ásamt dýra- og kyrralífsmýndum. Vera er íslenskur ríkisborgari fædd og uppalin í Úkraínu. Hún stundað listarnám frá 1974–1985, í Rússlandi áður en hún fluttist til Íslands. Í Bandaríkjunum lauk hún kennaramenntun í landslagsmálun, kyrralífsmýndum og portrett. Vera hefur einnig sótt fjölda námskeiða í Myndlistaskólanum í Reykjavík og víðar. Hún hefur haldið nokkrar sýningar hérlandis og erlendis Opin alla daga, nema sunnudag, kl. 11–17. Sýningin stendur til 20. apríl. **Gallerí Tukt, Hínu húsinu kl. 16** Nemendur frá Myndlistaskólanum í Reykjavík sýna keramikverk. Þeir eru þátttakendur í verkefninu „Grunnatriði í keramik“ sem er þróunarverkefni milli Íðnskólans í Reykjavík, Menntaskólans í Reykjavík og Myndlistaskólans í Reykjavík. Sýningin samanstendur af fyrsta hluta verkefnisins þar sem unnið var með ytra form hlutanna. Sýningin stendur til 24. apríl.

# Sigurveggarar í kammerkeppni KaSa

SIGURVEGARAR tónlistarkeppninnar Kammertónlist til framtíðar verða kynntir í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 17–18 á sunnudag.

„Þessi dagskrá er í beinu framhaldi af keppninni Kammertónlist til framtíðar sem KaSa hópurinn auglýsti sl. haust,“ segir Nína Margrét Grímsdóttir. „Það er Samstarfs-sjóður Nuuk-Reykjavíkur-Þórshafnar sem styrkir viðburðinn og er markmið KaSa hópsins að efla samstarf við efnilega tónlistarnema á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum. Þónokkur fjöldi umsókna barst, fyrst og fremst frá Íslandi en einnig frá Færeyjum.

Því miður bærust engar umsóknir frá Grænlandi þótt keppnin væri auglýst í fjölmiðlum þar á sama hátt og í hinum löndunum tveimur.“

Þrjár tónlistarnemar urðu hlutskarpastir: Jákup H. Lützen frá Færeyjum, sem er fimmtán ára fiðlunemi sem leikur jafnframt með Sínfóníuhljómsveit Færeyja, Arnbjörg María Danielsen sópransöngkona, sem stundar framhaldsnám við Tónlistarskólann í Reykjavík, og Elfa Rún Kristinsdóttir sem er við framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. Þau starfa með KaSa hópunum um helgina við masterclass-



Morgunblaðið/Ásdís

Tveir sigurvegaranna, Arnbjörg María Danielsen og Elfa Rún Kristinsdóttir, með hluta KaSa hópsins. Á myndina vantar Jákup H. Lützen.

kennslu og æfingar. Flutt verða verk eftir Händel, Haydn, Vivaldi, Jón Ásgeirsson og Schumann. Öll dagskráin er opin almenningi báða dagana frá kl. 10–18.

Meðlimir KaSa hópsins eru, auk Nínu Margrétar, Sigrún Eðvaldsdóttir, Áshildur Haraldsdóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Sigurður Bjarki Gunnarsson.